



# Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

7. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 9. ágúst 2024

kl. 12.00 - 14.00 haldinn í Gimli 301 og á Teams

Mætt: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Eyja Margrét Jöhönnu Brynjarsdóttir, Guðný Björk Eydal, Ragna Benedikta Garðarsdóttir, og Þóroddur Bjarnason.

Á Teams: Zophonías Oddur Jónsson og Ólafur Páll Jónsson

Forföll: Hermína Gunnþórsdóttir.

Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

## Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Kjarasamningar. Staðan.
2. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ.
3. Vinnumatskerfið.
4. Næsti fundur.
5. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10.

### 1. Kjarasamningar. Staðan.

Formaður sagði frá stöðu mála í kjaraviðræðum.

Fundur var með SNR og 11 aðildarfélögum BHM þann 2. júlí sl.

Sigrún fór á fund með formönnum FH og FHA fyrr um daginn um kjaraviðræður og til að undirbúa fund með rektorum háskólanna sem er áætlaður í lok ágúst um launakjör, stofnanasamninga og matskerfið. Ákveðið var að samninganefndir félagana hittist í næstu viku til að fara yfir málið.

### 2. Opnir fundir í tengslum við rektorskjör HÍ.

Formaður lagði til að félagið myndi standa að opnum fundum um væntanlegt rektorskjör hjá HÍ. Fundirnir verði haldnir í samstarfi við fleiri félög. Samþykkt.

### 3. Vinnumatskerfið.

Formaður ræddi matskerfið og nauðsyn þess að ná sátt um það. Margir eru ánægðir með kerfið á meðan aðrir eru óánægðir með það. Ánægja var með fundinn í Þjóðminjasafninu 8. maí sl. en spurningin er um næstu skref. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi.

### 4. Næsti fundur.

Fundurinn sem var áætlaður 19. ágúst færist til mánudagsins 26 ágúst kl. 16-17.

### 5. Önnur mál.

Það voru engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.

Fundarritari: LP.